



Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum í Sveitarfélaginu Árborg

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk í leikskólum í Sveitarfélaginu Árborg sem leggur stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum. Markmið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum og efla starfsþróun leikskólakennara í leikskólum Árborgar þannig að 2/3 hlutar starfsfólks séu leikskólakennarar, eins og áskilið er í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Með samþykki sveitarfélagsins getur leikskólastjóri veitt starfsmanni vilyrði til viðurkennds háskóla- eða fagnáms. Faghópur á fjölskyldusviði leggur mat á umsóknir að höfðu samráði við leikskólastjóra og í kjölfarið er lögð fram tillaga í fræðslunefnd.

1. grein. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- Fagháskólanám í leikskólafræðum; 60 einingar
- Diplómanám í leikskólakennarafræðum í háskóla; 120 einingar
- Leikskólakennaranám B.Ed. 180 einingar
- Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi leikskólakenna; 120 einingar
- Leikskólakennarar sem vilja bæta við sig einingabæru háskólanámi sem nýtist í starfi
- Háskólamentaðir sem sækja um kennsluréttindi með áherslu á leikskóla

2. grein. Styrkþegar og umsóknir

Umsækjandi þarf helst að eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg og hafa unnið í leikskólum Árborgar í það minnsta í eitt ár og starfshlutfall sé að lágmarki 75%. Hægt er að veita undanþágu frá þessu skilyrði að fengnum rökstuðningi umsækjanda.

Umsókn um styrk skal berast leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði um leið og sótt er um nám.

Umsókn skal innihalda upplýsingar um fyrirhugað nám, skipulag náms, námstíma og starfsferil umsækjanda. Greinargerð skal einnig fylgja þar sem kemur fram hvernig námið nýtist viðkomandi í starfi. Umsóknin er tekin fyrir og afgreidd fyrir 15. júní eða 15. nóvember ár hvert. Sé umsókn samþykkt skal leikskólastjóri og viðkomandi starfsmaður skrifa undir staðlaðan samning.

Þegar staðfest skólavist liggur fyrir skal henni skilað til leikskólastjóra ásamt upplýsingum um skipulag náms. Umsækjandi styrks skal að jafnaði vera í að lágmarki 10 ECTS eininga námi á hverjum tíma og að hámarki 20 ECTS eininga námi sem er 2/3 af fullu námi miðað við 100% starfshlutfall umsækjanda. Stuðningur við nema getur aldrei orðið meiri en 7 ár. Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi telst hann ekki vera starfandi í skilningi þessa ákvæðis. Á meðan á leyfinu stendur fellur styrkurinn niður. Hægt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum að fengnum rökstuðningi umsækjanda.

Umsókn um styrk þarf að endurnýja árlega

3. grein. Styrkur

Styrkur við nema felur í sér:

- Nemi heldur launum í staðlotum og vettvangsnámi.
- Nemar fá launuð leyfi á meðan á prófi stendur enda tilkynni þeir leikskólastjóra um próftöflu um leið og hún liggur fyrir.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

- Laun á námstímanum eru alltaf miðuð við starfshlutfall viðkomandi.

4. grein **Skyldur nema við vinnustað**

- Falli tímar og próf niður mætir nemi til vinnu.
- Þegar kennslu á hverri önn er lokið mætir nemi til vinnu.
- Meðan á vettvangsnámi stendur hefur nemi vinnuskyldu gagnvart vinnustaðnum þann tíma sem hann er ekki í vettvangsnámi miðað við starfshlutfall. Samkomulag er gert við leikskólastjórnendur um fyrirkomulag þessa.
- Nám, líkt og önnur fjarvera frá vinnu, getur skert undirbúningstíma og vinnutímastyttingu ef viðvera vegna náms ber upp á sama tíma.
- Vinnutímastytting námsmanns skal tekinn inn í viðveru í náminu.
- Skila þarf inn námsframvindu og tryggja að upplýsingar um próftíma sé komið sem fyrst til leikskólastjóra
- Haga þarf annarri fjarvist þannig að ekki skerðist vinnutími meira en nauðsyn er
- Æskilegt er að vettvangsnámið geti farið fram í einum af leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar
- Gert er ráð fyrir að starfsmaður sem fær námsstyrk geri samkomulag við sveitarfélagið um lágmarks starfstíma að námi loknu.

5. grein **Mótframlag Sveitarfélagsins Árborgar til leikskólanna vegna leikskólakennaranema.**

- Sveitarfélagið þarf við gerð fjárhagsáætlunar að gera ráð fyrir launakostnaði vegna afleysinga sem koma til vegna fjarveru starfsmanns í leikskólakennarafræðum.
- Afleysingakostnaður vegna menntunar samkvæmt reglum þessum er afgreiddur til viðkomandi leikskóla um leið og námsleyfi er veitt.
- Fjöldi nema hverju sinni skal ákvarða í samvinnu við leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla og leikskólastjóri getur hafnað styrkumsóknum sjái hann ástæðu til vegna aðstæðna í leikskólanum.
- Fjárveiting til leikskóla tekur mið af þörf út frá skerðingu stöðugilda v/náms starfsmanna.
- Fram fari sameiginleg rýni leikskólastjóra og starfsmanna hagdeildar og skólaþjónustu á fjárþörf leikskólans v/háskólanáms starfsmanna

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf Árborgar til að uppfylla lög um faglært starfsfólks í leikskólum á hverjum tíma, og áskilur sveitarfélagið sér rétt til að hafna umsókn.

Samþykkt í fræðslunefnd 27. janúar 2021

Samþykkt í bæjarstjórn 17. febrúar 2021



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið